

**Ed.**

## **10. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Pétur Magnússon.

### **1. gr.**

Á eftir 19. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna eftir því:

- a. (20. gr.) Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Kreppulánasjóði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa. Sama gildir um veðsetning fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé.

Heimilt er og að veðsetja Kreppulánasjóði í einu lagi öll búsgögn innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, og jafnt það, er veðsetjandi á þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

- b. (21. gr.) Nú flytur veðsali í aðra þinghá eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veði sínu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Þar sem ætla má, að ýms af lánnum þeim, er veitt verða bændum úr Kreppulánasjóði, verði að meira eða minna leyti tryggð með lausafjárveði, virðist eðlilegt og nauðsynlegt, að samskonar ákvæði gildi um lausafjárveð gagnvart Kreppulánasjóði eins og eru í lögum nr. 31 14. júní 1929 gagnvart bústofnslána-deild Búnaðarbankans.